



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði til heiðurs
forseta Finnlands
Sauli Niinistö og frú Jenni Haukio
Bessastöðum
28. maí 2013**

Virðulegi forseti Sauli Niinistö
og frú Jenni Haukio
Heiðruðu gestir

Á björtu vorkvöldi með sýn til fjallanna þar sem snjórinn leikur enn við sólu fögnum við góðum vinum hér á sögufrægu setri og hyllum farsælt samstarf Finna og Íslendinga, lýðveldanna tveggja í hinni norrænu fjölskyldu.

Urho Kekkonen varð fyrstur finnskra forseta til að heimsækja Ísland, undi hér í áranna rás við fengsæl fljót og litríkar sveitir, og forverar yðar hafa bundið samvinnu þjóðanna traustum böndum, einkum eftir lok Kalda stríðsins þegar ríkin í norðanverðri Evrópu nutu á ný frelsis í friði, lausar við ógnarkapphlaup vígbúnaðar.

Reyndar hafa höfuðborgir okkar báðar, Helsinki og Reykjavík, orðið tákni fyrir aðdraganda þessara sögulegu þáttaskila; sáttmálinn um mannréttindi og leiðtogafundurinn í Höfða hornsteinar í nýrri skipan.

Lýðræði, stjórnarfar byggð á lögum og rétti, er sú fyrirmynd sem norrænar þjóðir hafa fært veröldinni og á þeim vettvangi hefur ferill yðar, virðulegi forseti, verið varðaður margvíslegum trúnaði; lögmennska og þjónusta við dómstóla, kjör til sveitarstjórna og setu á löggjafarþingi; forseti þess og líka sá fjármálaráðherra Finnlands sem lengst hefur gegnt því embætti.

Stundum er sagt að vísasti vegurinn til óvinsælda og endaloka á opinberum ferli sé að vera fjármálaráðherra á tímum kreppu og erfiðleika.

Þá kenningu hafa Finnar og Íslendingar afsannað með afgerandi hætti eins og dæmin sýna hér í kvöld.

Ég verð þó, virðulegi forseti, að vara yður við einni venju Íslendinga sem á sér djúpar rætur í menningu okkar og þjóðarvitund. Skáldin, einkum ljóðskáldin, hafa ætíð notið hér ríkari virðingar en kjörnir fulltrúar; ljóðin lifa lengur en ræðurnar. Því er konu yðar, frú Jenni Haukio, fagnað sérstaklega hér í kvöld og heimsókn hennar á starfsvöll íslenskra skálda mikilvægur þáttur í dagskránni.

Bessastaðir hafa í aldanna rás notið sérstakrar frægðar sem heimili íslenskra skálda. Hér bjó Snorri Sturluson, merkasti rithöfundur norrænna miðalda, skrásetjari sagnanna um konunga Noregs og skáldskaparfræða í Eddu. Í elsta húsi staðarins stýrði skáldið Sveinbjörn Egilsson, þýðandi Hómers og Biblíunnar, skólanum sem mótaði baráttu þjóðarinnar fyrir sjálfstæði, fræddi Jónas Hallgrímsson sem síðar varð eitt ástsælasta skáld okkar Íslendinga og brautryðjandi í náttúrufræðum. Hér sat Grímur Thomsen í aftanskini nítjándu aldar; kvað um hve kalinn á hjarta hann slapp úr valdasölum konungsins og svo auðvitað Theódóra Thoroddsen, skáldmælt vel og áhrifarík í baráttunni fyrir réttindum kvenna. Við erum á hverjum degi minnt á auðlegð ljóðanna, hvernig orðsins list færir okkur sífellt nýtt veganesti.

Það var menningarviðburður á sínum tíma þegar Karl Ísfeld þýddi Kalevala snilldarlega á íslensku og nýlega hefur finnski rithöfundurinn Tapio Koivukari, sem fyrst skrifaði um fólkið sitt í Rauma, fært hildarleik haustið 1615 í heimabyggð minni við Djúp vestur á Fjörðum, í búning frábærrar skáldsögu sem kom út á íslensku fyrir síðustu jól; opnaði okkur nýja sýn á eigin sögu.

Þannig eru bókmenntirnar enn vettvangur nýsköpunar í samskiptum sem hafa á mörgum sviðum aukist jafnt og þétt, í listum og menningu, vísindum, rannsóknum og tækni.

Þótt samleið Finna og Íslendinga í norrænu starfi, innan fjölmargra evrópskra og alþjóðlegra stofnana, sé orðin nokkuð löng eru það málefni Norðurslóða sem á hinn nýju öld verða líklega þungamiðja sameiginlegra verkefna.

Þegar Háskóli Lapplands í Rovaniemi og Háskólinn á Akureyri ýttu Rannsóknarþingi norðursins úr vör árið 2000 með fundi sem haldinn var í þessum sal voru Norðurslóðir enn jaðarmál í alþjóðlegum umræðum en Finnar og Íslendingar skipuðu sér fljótt í fararbrodd þeirra sem kölluðu á breyttar áherslur.

Nú blasa við þáttaskil þegar forysturíki í Asíu og Evrópu hafa fengið áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu og fimm stærstu hagkerfi heims – Bandaríkin, Kína, Þýskaland, Japan og Frakkland – eiga framvegis ásamt Indlandi, Ítalíu, Suður-Kóreu og Singapúr fulltrúa á vettvangi þess.

Nýjar siglingaleiðir, nýting margvíslegra auðlinda, réttindi frumbyggja, loftslagsbreytingar sem bráðnun íss og jökla boða okkur með ógnarkrafti eru þar meðal brýnna dagskrárefna; Norðurslóðir að margra dómi í brennidepli nýrrar aldar.

Samvinna Finna og Íslendinga, hinna norrænu lýðvelda, hefur því öðlast nýjar víddir, kallar nú á verklag og þekkingu sem framvegis verða mæld á stranga kvarða.

Við búum í þessum efnunum að góðu veganesti, sögu og reynslu, menningu og vísu þjóða sem glímt hafa við harða vetur, vita að veröld íss og snjóá ræður miklu um vor og gróður.

Heimsókn yðar, virðulegi forseti, er því tengd sögulegum þáttaskilum, dagskráin fléttuð samræðum um framtíð okkar sem búum í Norðri en eigum nú erindi við fjarlæggar þjóðir, öflugustu ríki heims, um örlög okkar nágrennis.

Með óskum um farsæld og árangur, fararheill á þessari sameignlegu vegferð býð ég góða gesti að rísa úr sætum og lyfta glösum til heiðurs forseta Finnlands Sauli Niinistö og frú Jenni Haukio með þökkum fyrir trausta vináttu þjóða okkar.